

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara,

3. febrúar 2016, kl. 9-10.30.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Viðfangsefni fundarins:

- SKÝRSLA fagráðs
- Nýtt tímabil fagráðs

Skýrsla fagráðsins

Þróun hefur orðið vinnusvæði fagráðsins á netinu þar sem kafladrög birtast. Uppfærðir hafa verið kaflar sem ræddir voru á síðasta fundi. Sólrún sendi kafla um fjármál til stýrihópsins fyrir fundinn. Umræða á fundinum núna snérist mest um þann kafla og eins kafla um nýtt fagráð. Stýrihópsfulltrúum fannst gott að vera sett fyrir ákveðin verkefni, t.d. að skrifa afmarkaða kafla og að sjálfsögðu lesa yfir.

Nýtt fagráð og ráðherra

Stýrihópurinn fól Sigurjóni að ýta á eftir endurnýjun fagráðs við ráðherra á síðasta fundi. Sigurjón hefur ekki hitt hann ennþá en hefur óskað eftir stuttum fundi og er tilbúinn með bréf með minnispunktum til ráðherra ásamt útprentun ársskýrslu úr málaskrá.

Önnur mál

Minnst var á hvort ástæða væri til að fá frest til að skila skýrslu og var ákveðið að halda settri áætlun.

Sigurjón ræddi um að fulltrúar stýrihóps væru í sambandi við baklandið (m.a. aðra fulltrúa fagráðsins) þannig að allir væru meðvitaðir um hvað væri í gangi og fylgdust með eins og hægt væri. (Sólrún mun líka senda út skýrslu vinnuhóps um þarfir í lok vikunnar og minnist þá á lokaskýrsluna í leiðinni.)

Næsti fundur verður eftir rétta viku: 10. febrúar kl. 9 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Fundi slitið

Sólrún Harðardóttir skráði punkta.